

Líðan og viðhorf barna

Frá því að börn byrjuðu fyrst í Krikaskóla hefur markvisst verið hlustað eftir líðan þeirra og viðhorfum. Þannig hafa fengist upplýsingar í bæði í skráðu og óskráði formi sem unnið hefur verið með á ýmsan hátt. Í daglegum samskiptum er samtalið því dýrmætt bæði fyrir börnin sín á milli og eins milli barna og fullorðinna. Þannig eru viðhorfin lögð til grundvallar í málefnum sem hafa mismikið vægi og eru til lykta leidd með þeim sem þau varða hverju sinni. Börnin þjálfast snemma í að rekja erindi sín sem varða viðfangsefni þeirra, verkefni, viðhorf, lángarnir og líðan.

Þegar málefnið varða barnahópin eða árganginn eru samverustundir í hreiðrum oft vettvangur fyrir þau erindi. Eins er boðað til formlegra funda, barnafunda, um ýmis mál sem þau bera upp sjálf eða þegar leitað er eftir viðhorfum þeirra. Þá eru skráningar ýmist skriflegar og eða til á myndböndum. Dæmi eru um að börn taki það sérstaklega fram að þau vilji að tiltekin sjónarmið þeirra komi fram og að þau óski eftir því að tekin séu viðtöl við þau. Eins bera þau sig upp við skólastjóra þegar þau vilja reka erindi sín þar. Í mati barnanna á smíðjum frá 5 ára aldri, fyrir foreldraviðtöl og í eineltiskönnunum er spurt um líðan.

Hugmyndafræði og gildi skólans, jákvæður agi og skólanámskrá miðar allt að vellíðan barnanna. Það er því samofið inn í daglegt skólastarf að hlusta eftir líðan þeirra. Þá gildir einu hvort þau þurfi plástur á smáskeinur, skilning á kvíðafullri líðan, lúsakembingu, huggun og faðmlag eða einfaldlega að á þau sé hlustað.

Birta má viðtöl við börnin eða búta úr þeim í samstarfi við foreldra sem undirrita heimild til myndbirtinga. Krikaskóli er með facebook-síðu þar sem birtar eru myndir úr fjölbreyttu skólastarfi fyrir foreldra. Þar eru einnig birt upptökur af tónverkum, vídeóverkum úr myndlistarsmiðju og af atriðum barna sem sett eru upp.

Meiri áhersla hefur verið á eigindlegar aðferðir í gagnaöflun við að hlusta eftir röddum barnanna en megingdlegar. Samstarf er mikið milli starfsmanna skólans og ábendingar barna sem og foreldra skila sér fljótt og vel inn í faglegt starf þar sem hópurinn er lítill.

Hér fylgir með skráning á fundi barna í 3&4 bekk frá febrúar 2015 þar sem farið var yfir mat þeirra á skólastarfi í Krikaskóla. Styrkleikum og veikleikum skólans að þeirra mati, ásamt ábendingum þeirra um það sem betur mætti fara í skólastarfinu.

Myndbandsupptökur liggja einnig til mats á líðan og viðhorfum barna en við höfum ekki birt þær á opinberum vettvangi nema í samstarfi við foreldra barnanna.